

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/83/EB

2008/EES/73/08

frá 23. nóvember 2005

um breytingu á I., VI., VII., VIII., IX. og X. viðauka við tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulviðssamhæfi) í ökutækjum í því skyni að laga þá að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, einkum öðrum undirlíð 2. mgr. 13. gr.,

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I., VI., VII., VIII., IX og X. viðauka við tilskipun 72/245/EBE í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 um rafsegultruflanir (rafsegulviðssamhæfi) í ökutækjum <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. október 2006. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 72/245/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.
- 2) Ákvæði um prófanir og kröfur að því er varðar rafsegulviðssamhæfi fyrir raf- og rafeindabúnað hafa stöðugt verið uppfærð með staðlasetningu Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) og Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO). Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB <sup>(3)</sup>, sem felur í sér breytingar á tilskipun 72/245/EBE, voru því teknar upp vísanir í prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í nýjustu útgáfum viðeigandi staðla.
- 3) Frá gildistöku tilskipunar 2004/104/EB hefur nokkrum stöðlum verið skipt út fyrir nýrri útgáfur sem hafa verið aðlagðar tækniframförum. Því er nauðsynlegt að uppfæra vísanir í þá staðla í tilskipun 72/245/EBE.
- 4) Að auki þarf að gera nokkrar ritstjórnarlegar leiðréttingar.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 72/245/EBE til samræmis við þetta.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 24.11.2005, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB (Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 152, 6.7.1972, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/49/EB.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 72/245/EBE:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í a-lið liðar 2.1.12 komi orðin „með skemmdum eða breytingum í t.d.: vél, tannhjólakerfi, hemlum, fjöðrun, stýrisbúnaði, hraðatakmarkunarbúnaði“ í stað orðanna „með skemmdum eða breytingum s.s. í vél, tannhjólakerfi, hemlum, fjöðrun, stýrisbúnaði, hraðatakmarkunarbúnaði“.
- b) Í lið 6.8.1 komi orðin „ISO 7637-2: önnur útgáfa 2004“ í stað orðanna „ISO 7637-2:DIS2002“.
- c) Í lið 6.9.1 komi orðin „ISO 7637-2: önnur útgáfa 2004“ í stað orðanna „ISO 7637-2: DIS2002“.
- d) Í stað 7. liðar í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„7. ISO 11451 „Road vehicles — Electrical disturbances by narrowband radiated electromagnetic energy — Vehicle test methods“

- |  |                                     |
|--|-------------------------------------|
| 1. hluti: General and definitions      | (ISO 11451-1: þriðja útgáfa 2005)   |
| 2. hluti: Off vehicle radiation source | (ISO 11451-2: þriðja útgáfa 2005)   |
| 4. hluti: Bulk current injection (BCI) | (ISO 11451-4: fyrsta útgáfa 1995)“. |

e) Í stað 8. liðar í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„8. ISO 11452 „Road vehicles — Electrical disturbances by narrowband radiated electromagnetic energy — Component test methods“

- |  |                                    |
|--|------------------------------------|
| 1. hluti: General and definitions                    | (ISO 11452-1: þriðja útgáfa 2005)  |
| 2. hluti: Absorber lined chamber                     | (ISO 11452-2: önnur útgáfa 2004)   |
| 3. hluti: Transverse electromagnetic mode (TEM) cell | (ISO 11452-3: önnur útgáfa 2001)   |
| 4. hluti: Bulk current injection (BCI)               | (ISO 11452-4: þriðja útgáfa 2005)  |
| 5. hluti: Strip line                                 | (ISO 11452-5: önnur útgáfa 2002)“. |

2. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í lið 1.2 komi orðin „ISO 11451-2: þriðja útgáfa 2005“ í stað orðanna „ISO DIS 11451-2: 2003“.
- b) Í liðum 3.1, 3.1.1 og 4.1.1 komi orðin „ISO 11451-1: þriðja útgáfa 2005“ í stað orðanna „ISO DIS 11451-1: 2003“.

3. Í stað liðar 3.1 í VII. viðauka komi eftirfarandi:

„3.1. Prófun skal gerð í samræmi við CISPR 25 (önnur útgáfa 2002), liður 6.4 — ALSE-aðferðin“.

4. Í stað liðar 3.1 í VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„3.1. Prófun skal gerð í samræmi við CISPR 25 (önnur útgáfa 2002), liður 6.4 — ALSE-aðferðin“.

## 5. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka:

## a) Í stað liðar 1.2.1 komi eftirfarandi:

„1.2.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningar geta fullnægt kröfunum í einni af eftirfarandi mæliaðferðum eða samsetningu þeirra að vali framleiðanda, að því gefnu að allt tíðnisviðið, sem um getur í lið 3.1 í þessum viðauka, sé spannað.

- Prófun í hátíðnisnaudu rými: í samræmi við ISO 11452-2: önnur útgáfa 2004
- TEM-hólfprófunaraðferðin: í samræmi við ISO 11452-3: önnur útgáfa 2001
- Strauminnngjafaraðferðin: í samræmi við ISO 11452-4: þriðja útgáfa 2005
- Flatleiðisprófunaraðferðin: í samræmi við ISO 11452-5: önnur útgáfa 2002
- 800 mm flatleiðisprófunaraðferðin: í samræmi við lið 4.5 í þessum viðauka.

Tíðnisvið og almennar aðstæður við prófun skulu byggjast á ISO 11452-1: þriðja útgáfa 2005.“

## b) Í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Aðstæður við prófun skulu vera í samræmi við ISO 11452-1: þriðja útgáfa 2005“.

## c) Í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. **Tíðnisvið og sá tími sem prófun varir**

Mæla skal á tíðnisviðinu 20 til 2 000 MHz þar sem tíðnibilin eru í samræmi við ISO 11452-1: þriðja útgáfa 2005.

Mótun prófunarmerkis skal vera:

- viddarmótun, með 1 kHz mótun og 80% mótunardýpt á tíðnisviðinu 20-800 MHz,
- fasamótun, t á 577  $\mu$ s, rið 4 600  $\mu$ s á tíðnisviðinu 800-2000 MHz,

ef tækniþjónusta og framleiðandi rafmagns- eða rafeindaundireiningar ákveða ekki annað.

Velja skal umfang tíðnibils og hve lengi prófun varir í samræmi við ISO 11452-1: 3rd edition 2005.“

## d) Í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

„3.2. Tækniþjónustan skal framkvæma prófunina með því millibili sem tilgreint er í ISO 11452-1: þriðja útgáfa 2005 á öllu tíðnisviðinu 20 til 2000 MHz.

Ef framleiðandinn leggur fram gögn um mælingar fyrir allt tíðnisviðið frá prófunarstofu, sem hefur fengið faggildingu með tilliti til viðeigandi hluta ISO 17025: fyrsta útgáfa 1999 og verið viðurkennd af viðurkenningaryfirvöldum, er tækniþjónustunni heimilt að velja færri staði á tíðnisviðinu, t.d. 27, 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750, 900, 1300 og 1800 MHz til að staðfesta að rafmagns- eða rafeindaundireiningarnar fullnægi kröfum þessa viðauka“.

## e) Í stað liðar 4.1.2 komi eftirfarandi:

„4.1.2. *Prófunaraðferð*

Beita ber svonefndri „skiptiaðferð“ til að mynda rétt prófunarsvið í samræmi við ISO 11452-2: önnur útgáfa 2004.

Prófunin skal fara fram við lóðréttu skautun“.

- f) Í stað liðar 4.2.2 komi eftirfarandi:  
„4.2.2. *Prófunaraðferð*  
Prófunin skal gerð í samræmi við ISO 11452-3: önnur útgáfa 2001.  
Tækniþjónustan skal velja, með tilliti til gerðar rafmagns- eða rafeindaundireininga sem á að prófa, mestasviðs tengslaáðferð á rafmagns- eða rafeindaundireiningar eða leiðslur inn í TEM-hólfinu.“
- g) Í stað liðar 4.3.2 komi eftirfarandi:  
„4.3.2. *Prófunaraðferð*  
Prófunin skal gerð í samræmi við ISO 11452-4: þriðja útgáfa 2005 á prófunarbekk.  
Einnig er heimilt að prófa rafmagns- eða rafeindaundireiningar í ökutækinu í samræmi við ISO 11451-4: fyrsta útgáfa 1995.  
— Strauminngjafarkanni skal vera 150 mm frá rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem á að prófa.  
— Nota skal tilvísunaraðferðina til að reikna út inngefinn straum frá framafli.  
— Tíðnisvið þessarar aðferðar takmarkast af gerð strauminngjafarkannans.“
6. Í 2. og 3. lið í X. viðauka komi „ISO 7637-2: 2004“ í stað „ISO 7637-2: 2002“.
-